

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 10. apríl, kl. 09:00 var haldinn 1825. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Aron Jóhannsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Kjútis ehf., kt. 510221-0870, dags. 8. mars 2024, um starfsleyfi fyrir geymslu á forpökkuðum matvælum (Smárikið) að Hraunbæ 102A, F2044881, rými 01 0111. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Biohackers Corner ehf., kt. 430225-0220, dags. 17. mars 2025, um starfsleyfi fyrir framleiðslu á skírðu smjöri (Biohackers Corner) í matarsmiðju Matís, að Vínlandsleið 12. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Blue Café ehf., kt. 611122-0710, dags. 30. janúar 2025 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingaverslun ásamt sölu forpakkaðra matvæla (Blue Café) að Mýrargötu 26, F2326616, rými 01 0122. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Ekki er gert ráð fyrir neyslu veitinga á staðnum þar sem ekki er snyrting fyrir gesti. Brauðmeti og súpa koma tilbúin til upphitunar og samlokur smurðar á staðnum.
- Lögð fram umsókn SushiHafnartorg ehf., kt. 440225-2760, dags. 18. mars 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Mathöll Hafnartorg Gallery - Umami Sushi) að Geirsgötu 17, F2369166, F2369164, F2369165, bás 08. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Mathöll Hafnartorg Gallery*. Hrisgrjón soðin á staðnum, annað hráefni kemur á sölubás tilbúið til samsetningar. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn Eignarhaldsfélagsins Laugaáss, kt. 471108-1890, dags. 2. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir matsöluvagn (AL 063), uppþvottavagn (EF P49), kælibíl (UU T76) og matvælalager (TV A97) (Eignarhaldsfélagið Laugaás). Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir matsöluvagna*.
- Lögð fram umsókn Jókersins ehf., kt. 470622-0400, dags. 7. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá með lágmarks matargerð (Snóker og Pool) að Lágmúla 5, F2248343, rými 02 0201. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

7. Lögð fram umsókn My way ehf., kt. 581022-0340, dags. 28. mars 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingaverslun/skyndibitastað (Mandi) að Veltusundi 3b, F2002656, rými 01 0101. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Ekki er gert ráð fyrir neyslu veitinga á staðnum þar sem ekki er snyrting fyrir gesti.

8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 27. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn SushiHafnartorg ehf., kt. 440225-2760, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Umami Sushi) í Mathöll Hafnartorg Gallery að Geirsgötu 17, F2369166 og F2369164, bás 08.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 2. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jókersins ehf., kt. 470622-0400, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá (Snóker og poolstofan) að Lágmúla 5, F2248343, rými 02 0201.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. apríl 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 1. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Mexveit ehf., kt. 460125-3670, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (El Gringo) að Suðurlandsbraut 4a, F2012666 rými 03 0102.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 3. apríl 2037.

11. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. apríl 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 2. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Svaka Lúða ehf., kt. 600422-1540, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá (Bingo) ásamt útiveitingum til kl. 22:00 alla daga að Skólavörðustíg 8, F2219253, rými 01 0201.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn þar sem afnotasamningur borgarlands liggur ekki fyrir skv. rekstrarleyfisumsókn. Starfsleyfi í gildi til 10. janúar 2035.

12. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar-eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 20. janúar 2025, um skráningu á niðurrifi á skrifstofuhúsnæði við Sævarhöfða 33, F2042842, rými 01 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK25010192. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

13. Lögð fram umsókn Cloud studio ehf, kt. 440225-1600, dags. 5. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu og hársnyrtistofu (Cloud studio) að Suðurlandsbraut 10, F2012704, rými 02 0106. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfissskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi og Starfskilyrðum fyrir hárgreiðslustofur*.

14. Lögð fram umsókn Heilsudrekans ehf., kt. 510199-2359, dags. 19. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð sem býður upp á hóptíma, nudd og nálastungur með einnota búnað (Heilsudrekinn) að Skeifunni 3J, F2228817, rými 01 0110. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfissskilyrðum fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar* og Sértekum starfsleyfissskilyrðum fyrir Heilsudrekann.

15. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 4. apríl 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir viðhaldi á tveimur brúm yfir Bugðu.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 10. apríl til 1. júní 2025 með *Almennum starfsleyfissskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Sértekum starfsleyfissskilyrðum fyrir Reykjavíkurborg - eignasjóður vegna viðhalds á tveimur brúm yfir Bugðu*. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.

Fundi slitið kl. 09:46

Tómas Guðberg Gíslason

Aron Jóhannsson

Guðjón Ingi Eggertsson